



# FRÉTTABRÉF GRUNNSKÓLA RAUFARHAFNAR & KRÍLABÆJAR

NÓVEMBER 2010

Munið síðuna okkar: <http://grunnskoli.raufarhofn.is>

## Leiðari

Nú lítur dagsins ljós þriðja fréttabréf Grunnskóla Raufarhafnar, en jafnframt það fyrsta sem gefið er út í samvinnu við leikskólann.

Efnistöð eru smám saman að komast í fastari skorður. Nú birtist *Gamla myndin* í annað skiptið auk þess sem nýr liður lítur dagsins ljós sem ber heitið *Horft um öxl*. Í honum munu gamlir nemendur rifja upp skólagöngu sína. Það er stórskáldið Jónas Friðrik Guðnason sem ríður á vaðið og rifjar hann upp leiðina í gamla skólann. Kunnum

við honum bestu þakkir fyrir pistilinn.

Næstkomandi miðvikudag, þann 1. desember, ætlum við að fagna fullveldisdeginum og Degi Íslenskrar tungu með hátíð á sal kl. 17:00. Við hvetjum alla Raufarhafnarbúa til að koma og hlýða á dagskrá nemenda, skoða handverkssýningu og fá sér kakó og kökur með okkur. Dagskráin verður nánar auglýst á heimasíðu skólans eftir helgi.

### MIKILVÆGAR DAG- SETNINGAR FRAMUNDAN:

- ◆ 26. nóvember. Samskóladagur í Lundi fyrir 7.-9. bekk.
- ◆ 1. desember. Hátíðardagskrá, handverkssýning og kaffi í sal skólans kl. 17:00. Allir velkomnir!
- ◆ 3. desember. Náttfata-dagur í grunn- og leikskólanum.

## Pappamassaplánetur

Frá því í haust hefur 1.-4. bekkur verið að læra um reikistjörnurnar í samfélagsfræði hjá Bryndísi. Kennslan hefur tekið á sig ýmsar myndir; nemendur hafa krítað reikistjörnurnar á stéttina við skólann, leirað þær, sett á svið sýnikennslu um hvernig þær ferðast á sporbaug í kringum sólina og fleira.

Nýjast útspilið var svo að

gera líkan af sólinni, öllum reikistjörnunum og Plútó, en eins og alþjóð veit hefur staða Plútó í sólkerfinu verið leiðrétt úr reikistjörnu í smástirni.

Vinna þessi var mjög skemmtileg eins og meðfylgjandi myndir sína og eru foreldrar hvattir til að kíkja inn í stofu bekkjarins við fyrsta tækifæri og líta afraksturinn augum.



### Í BLAÐINU:

1.-4. bekkur á Akureyri	2
Nafnasamkeppni	2
Bókagjöf Kvenfélagsins Freyju	2
Búningadagur og hrekkjavökuball	3
Leiðin í gamla skólann	3
Gamla myndin	4
Samverustundir í leikskólanum	4

## 1.-4 bekkur á Akureyri

Þann 27. október hélt 1.-4. bekkur, ásamt Heiðu og Þóru, í menningarferð til Akureyrar. Sinfóníuhljómsveit Norðurlands bauð skólum á svæðinu í Hof að sjá og heyra *Pétur og úlfinn* og að sjálfsögðu var ferðin nýtt til hins ítrasta. Eftir skemmtilega tónleika í Hofi fengu krakkarnir óvænt að sjá atriði úr *Sirkus Sóley* áður en haldið var á *Greifann* í pítsuveislu. Því næst lá leiðin á *Pósthúsið* þar sem nemendur fræddust um

starfsemina og sendu foreldrum póstkort. Áður en haldið var heim á leið var einnig stoppað á Listasafni Akureyrar, þar sem nemendur fengu safnfræðslu, og farið í keilu.

Það voru þreyttir en ánægðir krakkar sem komu heim klukkan tíu um kvöldið eftir einstaklega vel heppnaða ferð.



## Kertaafgangar

Grunn- og leikskólinn tekur á móti kertaafgöngum frá heimilum. Kertin getum við notað við ýmislegt föndur, sérstaklega nú þegar líða fer að jólum.

Því er um að gera að róta í öllum skúffum og skápum og senda börnin með gamla stubba í skólann þar sem þeim verður tryggt framhaldslíf.



## Nafnasamkeppni

Fram að þessu hafa grunn- og leikskólinn gefið út sitt hvort fréttabréfið mánaðarlega. Nú hefur þeim hins vegar verið slegið saman í eitt, enda hafa tengslin milli þessara tveggja stofnana minnkað verulega eftir flutning leikskólans í húsnæði grunnskólans.


Þar sem *Fréttabréf Grunnskóla Raufarhafnar og Krílabæjar* er einstaklega óþjálta nafn óskum við nú eftir hugmyndum að nafni á fréttabréfið. Allar hugmyndir eru vel þagnar og skal senda á [johann@raufarhofn.is](mailto:johann@raufarhofn.is) eða [olga@raufarhofn.is](mailto:olga@raufarhofn.is).

## Bóka gjöf Kvenfélagsins Freyju

Það er gott að eiga góða að sagði einhvern einhver tímenn. Leikskólinn Krílabær á svo sannarlega góða að því á dögnum fékk hann glæsilega bóka gjöf frá *Kvenfélaginu Freyju*. Um er að ræða bækurnar *Karnival dýranna*, *Tónlist í leikskóla*

og *Með á nóttunum* 2.

Kvenfélaginu er þakkað kærlega fyrir þessar frábæru gjafir.



## Grænn punktur

Vissir þú að árlega hendum við Íslendingar 75 milljónum fernu í ruslið en aðeins tæpar 5 milljónir fara í endurvinnslu?

Fernurnar eru baggaðar hjá Sorpu en svo sendar til Svíþjóðar til endurvinnslu. Þar býr fyrirtækið Fyskeby til karton úr þeim og sendir það víðsvegar um heiminn, t.d. til Íslands, þar sem það er m.a. notað í að gera nýjar fernur.

## Búningadagur og hrekkjavökuball

Það voru ekki frýnilegar verur á kreiki í skólanum föstudagskvöldið 9. nóvember. Þá hélt skólinn og Félagsmiðstöðin Blik sameiginlegt Hrekkjavökuball. Óhætt er að segja að margir krakkanna hafi lagt sig mikið fram við búningana og voru margir hverjir stórglæsilegir.

Til að hita upp fyrir ballið var búningadagur í skólanum um daginn þar sem við fengum að sjá smá sýnishorn fyrir kvöldið. Þó voru ekki allir hræðilegir á að líta heldur leyndist eitt og eitt krútt inn á milli.



### Horft um öxl með Jónasi Friðrik Guðnasyni: Leiðin í gamla skólann

Einhvern tíma, fyrir svo löngu að maður fær svima við að reyna að muna hvenær það var, gekk ég í barnaskóla hér á Raufarhöfn. Væntanlega hefur þetta verið síðla á steinöld eða á öndverðri bronsöld, eða jafnvel miklu fyrr eða síðar. Sumir halda því raunar fram að þetta og allt annað reyndar líka, hafi oft og iðulega gerst og sé enn að gerast aftur og aftur, en þá erum við komin inn á svið skammtafræðinnar og kannski ástæða til að stíga varlega til jarðar. Ef jörðin er þá til, menn eru nú ekki alveg sammála um það. Í það minnsta gengur spakvitru fólki svona og svona að botna í því hvernig heimurinn hafi orðið til og hverjum sé um það að kenna. Flestir hallast þó að kenningunni um mikla-hvell, sem segir eitthvað á þessa leið: "Í upphafi var ekkert og svo sprakk það". Svo segja stjörnuhlóparnir að alla tíð síðan sé allt að þenjast út, alheimurinn bara stækki og stækki og allar fjarlægðir verði sífellt lengri og lengri.

Og þá kem ég aftur að því að ég gekk í barnaskólann á Raufarhöfn fyrir alveg voðalega löngu, og þar var ég svei mér heppinn. Þá meina ég heppinn að þetta skyldi hafa verið fyrir svona löngu, því ef allar fjarlægðir eru alltaf að lengjast, þá hlýtur

að vera miklu lengra í dag frá húsinu heima út að gamla skólanum á Klifunum, heldur en var í gamla daga, og var það þó satt að segja alveg nógu hrikalega, voðalega, hroðalega langt. Ég tala nú ekki um í norðaustan- eða norðvestan- stórhriðarveðri og frosti, það var nú bara hreint út sagt margra ára ferð á hverjum degi og ekkert skjól af húsum eftir að komið var út fyrir læk.

Ykkur að segja var svo langt fyrir okkur Holtarana að komast í skólann, að til þess að vera vissir um að mæta á réttum tíma á morgnana, urðum við að leggja af stað að heiman daginn áður, sem var auðvitað allt í lagi og vandist ágætlega, nema náttúrlega ofboðslega skrítíð um helgar. Og þessu er ég auðvitað ekki að ljúga, ykkur er hér um bil alveg óhætt að trúa því. Þar fyrir utan var líka stórhættulegt að fara Klifagötuna því við beygjuna ofan við Búðina stóð Skakkhorn og þar fyrir ofan var Einarskofinn og á bilinu þar á milli gátu setið fyrir fólki Sandarar, sem voru satt að segja eitthvert skitlegasta fólk sem hægt var að hugsa sér. Á heimleið úr handavinnu eða söng, eða öðru sem kennt var síðdegis, mundi maður mjög vel, þegar skuggsýnt var orðið, að Einarskofi var fullur af draugum,

eins og allir gamlir kofar hljóta, og eiga, að vera. Þegar fólk var svo að flyta sér mikið þá var farið frameftir um bryggjur og í gegn um verksmiðjusundið, og hafi verið draugar í Einarskofa þá voru þeir nú bara kúkur á priki miðað við draugana í gömlu norðmanna-smiðjunni, því inn um gættina á henni horfði maður í það svartasta myrkur sem nokkurs staðar hefur verið til, fyrr og síðar. Myrkið þar var meira að segja svartara en í sögunni um karlinn, sem kom inn í kolmyrkvað herbergi og sagði: "Æ-æ, hér hefur greinilega ekki verið kveikt lengi".

En einhvern veginn hafðist þetta nú allt saman og víst var stundum gaman í skólanum og líka alveg skuggalega leiðinlegt á milli. Og ykkur að segja krakkar mínir er eitt sem hefur ekkert breyst og það eru kennararnir, þeir voru nefnilega alveg eins undarlegir í gamla daga og þeir eru í dag. Einhvern daginn ættum við kannski að spekulera í hvernig á því getur staðið, eins og öllu er umbylt og allt nútímavætt, að ekki skuli enn vera búið að hanna sæmilega eðlilega kennara. En skoðum það seinna, þetta er nóg í bili.

## Gamla myndin

Í tilefni þess að grunn- og leikskólinn gefa nú út sameiginlegt fréttabréf kemur gamla myndin úr ljósmyndasafni leikskólans. Um er að ræða tvær myndir, önnur af útskriftarhópi Krílabæjar 2002 og hins vegar af útskriftarhópnum 2003. Það vill svo skemmtilega til að þetta eru einmitt nemendur sem nú eru í 8. og 9. bekk. Helmingur þeirra býr enn hér á Raufarhöfn, en hin hafa kvatt heimahagana, í bili að minnsta kosti.

Talið frá vinstri: Þórdís Sigtryggsdóttir, Tanja Tómasdóttir, Rósa Björg Þórsdóttir, Vigdís Rún Reynisdóttir, Arnór Einar Einarsson, Bjarni Jóhannes Halldórsson, Ísak Tómasson og Einar Hafsteinn Magnússon.



## Samverustundir í leikskólanum

Í samverustundum eru lesnar sögur, farið með þulur, sungið, farið í leiki og rætt saman. Allir eru hvattir til að tjá sig og hlusta hvert á annað. Undanfarið höfum við verið að ræða um árstíðirnar, mánuðina, heiti daganna og veðráttunni. Í tengslum við árstíðarnar erum krakkarnir búnir að búa til haustmynd sem sýnir hvernig lafin breyta um lit og falla svo af trjánum. Í tengslum við alþjóðlega bangsadaginn lásu við og ræddum söguna um Gullbrá og birnina þjá.

Við erum byrjuð að nota námsefni sem heitir Stig af stigi og er félags- og tilfinningaleg þjálfun fyrir börn á aldrinum 4 – 6 ára. Við höfum verið að fjalla um frumtilfinningarnar sex, gleði, leiða (hryggð, sorg, depurð),

reiði, undrun, hræðslu og ógeð (viðbjóð, andúð, andstyggð).

Börnin kynna því líka að:

- Fólk getur borið ólíkar tilfinningar til þess saman.
- Eitt barn getur verið hrætt við eitthvað sem annað barn hefur gaman af.
- Tilfinningar geta breyst. Tilfinning breytist úr sorg í gleði ef hvolpur barnsins tynist og finnst svo aftur.
- Stundum er eitthvað gert óviljandi. “Ég ætlaði ekki að gera þetta, ég gerði það óviljandi.”
- Hægt er að vita fyrirfram hvernig einhver muni bregðast við tilteknum

aðstæðum. “Ef ég tek boltann verður Sigga sennilega leið.”

- Segja öðrum frá tilfinningum sínum. “Mér finnst leiðinlegt að þú skulir ekki vilja vera með mér.”
- Hlusta þegar aðrir tala.

Hægt er að þjálfva skilning barnsins heima með því t.d. Að fara í leikinn “Ég verð \_\_\_\_\_ þegar \_\_\_\_\_” með því að setja í eyðurnar orð fyrir tilfinningar og aðstæður. “Ég verð hrædd þegar stór hundur urrar að mér og sýnir tennurnar.” Einnig er gott að tala um tilfinningar persónanna þegar lesin er saga fyrir barnið og finna

sams konar tilfinningar og aðstæður úr daglegu lífi barnsins. Með þessu þjálfast barnið í mannlegum samskiptum.



Þú ert hugrakkari en þig grunar, snjallari en þú heldur og sterkari en þú sýnist.

- Bangsímón